

Frá starfsemi
Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2000

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2001

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2000

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2001 VMST-S/01003

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 482-2318, Bréfasími: 482-3897,

Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur.

Á Suðurlandsdeild Veiðimálastofnunar er starfandi einn sérfræðingur ásamt líffræðingi sem ráðinn var í heilsársstarf á árinu. Sértekjur deildarinnar jukust talsvert á milli ára, urðu rúmar 8,9 millj. en voru tæpar 4,7 millj. árið áður. Útgjöldin jukust einnig urðu rúmar 8,2 millj. en voru 5,9 millj. árið áður. Sértekjur umfram rekstrargjöld urðu því rúmar 0,7 millj.

Mikill hluti starfsins byggir á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir Veiðifélög og rannsóknir tengdum vatnsvirkjunum sem hafa farið vaxandi. Vinna við umsagnir og umhverfismat ofl. er tengist framkvæmdum og áhrifum þeirra á lífríki áa og vatna er einnig vaxandi þáttur í starfseminni. Deildin vinnur einnig að sértækari rannsóknarverkefnum. Suðurlandsdeild sér um söfnun veiðiskýrslna fyrir Suðurland og vinnslu á hluta þeirra, þar er einkum um að ræða skýrslur yfir veiði í net. Í þessari samantekt er gerð grein fyrir helstu verkefnum sem unnið var að á árinu 2000.


Veiðivötn.

Mikil aukning varð í veiði í Veiðivötnum sumarið 2000. Samkvæmt skýrslum veiddust þar 12.205 urriðar á stöng, sem er nærri 10 % meiri veiði en að meðaltali síðustu 10 ár þar á undan. Netaveiðin varð 2.645 urriðar sem er nálægt meðalveiði árána 1990 til 1999. Bleikjuveiðin varð 1.205 fiskar sem er 60 % meiri veiði en að meðaltali síðustu 10 árin þar á undan. Vötnin eru að gefa mjög mis mikið af sér. Veiði á flatareiningu er að jafnaði mest í minni vötnunum. Náttúrulegri nýliðun er ábótavant. Til að auka afrakstur stærri vatnanna hefur urriði verið veiddur í klak, seiði alin í Fiskeldisstöðinni að Fellsmúla og þeim sleppt í vötnin. Það hefur gefið góðan árangur. Þar hefur verið lögð áhersla á að sleppa í stærri vötnin þar sem nýliðun er takmörkuð. Á sl. sumri varð mjög mikil aukning í veiði í Grænavatni en það er eitt af stærri vötnunum. Þar er nær engin náttúruleg nýliðun og slepping stálpaðra seiða skilar þar árangri en smáseiði virðast eiga þar erfitt uppdráttar. Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafreittar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Hlaup sem varð í Hagafellsjökli í Langjökli sumarið 1999 gætti nokkuð á síðastliðnu sumri að því leyti að árvatnið var lítaðra en ella. Bráðabirgðatölur gefa til kynna að tæplega 2.700 laxar hafi veiðst í net í Ölfusá-Hvítá sem er rösklega 29 % samdráttur á milli ára. Stangveiði varð um 11 % minni en árið áður. Hætt er við að aurinn frá árinu 1999 hafi áhrif á fiskgengd komandi ára. Seiðarannsóknir á síðastliðnu sumri gáfu til kynna minnkun í seiðabéttleika í meginánum Hvítá og Ölfusá þar sem hlaupvatnsins gætti (mynd 1). Seiðakönnun á sumrinu 1999 sýndi að laxaseiði voru smá og mögur. Þau voru því illa undir vetur búin og afföll hafa því trúlega orðið meiri en ella yfir veturinn.

Seiðaástand í Stóru-Laxá var nú allgott eftir slakt ástand árið 1998. Tveggja ár seiði voru nú í mun meiri þéttleika en árið áður. Þessi seiði koma til með að ganga til sjávar vorið 2001 og skila sér í veiði árið 2002 og 2003. Í Sogi var haldið áfram rannsóknum á magni



Mynd 1. Vísitala þéttleika laxaseiða eftir aldri á hverja 100 m² úr rafveiðum í neðri hluta Hvítár.

bitmýs auk þess sem seiðabúskapur var kannaður og gerð aldursrannsókn á göngulaxi. Þéttleiki laxaseiða hefur verið fremur lítil í Sogi undanfarin ár en nokkur aukning varð nú á seiðum á 1. ári. Í Úlfljótsvatni var ástand fiskstofna athugað líkt og árlega frá 1992. Miklar breytingar hafa orðið á fiskstofnum Úlfljótsvatns í kjölfar Sogsvirkjana. Rannsóknirnar í Sogi og Úlfljótsvatni voru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veidifélag Árnesinga.

Á síðastliðnu sumri hófust merkingar á laxi og silungi í Ölfusárósi. Þann 10. júlí var gildra sett upp við austurbakka Ölfusár, um 1 km ofan við Óseyrarbrú, á sama stað og veitt var til merkinga á árunum 1960 til 1974. Gildran var starfrækt fram til 24. júlí. Á umræddu tímabili veiddust 16 laxfiskar í gildruna sem voru merktir með númeruðum plastmerkjum (slöngumerkjum). Í net fengust 3 fiskar sem unnt var að merkja. Alls voru merktir 3 laxar, 7 urriðar (sjóbirtingar) og 9 bleikjur. Tveir fiskar heimtust aftur, ein bleikja og einn urriði, báðir í stangveiði í Ölfusárósi. Verkefninu verður haldið áfram á árinu 2001 og er þá fyrirhugað að merkja laxa með svokölluðum eltimerkjum sem eru þess eðlis að hægt er að fylja fiskunum eftir. Ætlunin er að kanna ferðir laxanna upp vatnasvæðið.

Við merkingarveiði í Ölfusá á sl. sumri fengust fjórar smáar flundrur. Allnokkrar flundrur hafa veiðst í ósnum og þær fyrstu (svo vitað sé) komu í silunganet á Hrauni í Ölfusi sumarið 1999. Það sumar veiddust einnig tveir “kolar” á stöng í Varmá við Öxnalæk sem að öllum líkindum hafa verið flundrur. Áður höfðu flundrur ekki veiðst við Ísland. Flundrur hafa nú einnig veiðst í Lónsdýpi og við Snæfellsnes. Flundra er flatfiskur sem lifir á grunnsævi við stendur meginlands Evrópu, á Bretlandseyjum og í Færeyjum. Hún hrygnir í sjó en að sumri getur hún leitað í árósa og gengur þá oft upp ár og læki.


Þingvallavatn.

Við virkjun Efra-Sogs, með stíflugerð í útfallinu, urðu algjör kaflaskil í tilvist urriða í Þingvallavatni. Hrygningar- og uppeldissvæði eyðilögðust og urriða fækkaði verulega.

Stíflugerðin varð til þess að tilvist bitmýsins í útfallinu þvarr. Bitmýslirfur hafa án efa verið mjög mikilvæg fæða fyrir nýklakin urriðaseiði.

Haustið 1999 hófst verkefni sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns. Hrogn voru þá grafin í mól sem sett hafði verið við útfallið. Hrognin voru frá klakfiski sem veiddur var í Öxará. Vonast er til að með þessum aðgerðum og frekari framkvæmdum við útfallið megi skapa riða- og uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn. Samfara styrkingu stofnsins hófust rannsóknir á urriðastofnum í vatninu. Rannsóknirnar miða að því að afla vitneskju um stofnvistfræði og lífshætti urriða og að meta ástand stofnanna.

Aldursrannsóknir á urriða úr Þingvallavatni benda til að vöxtur þeirra sé hraðari nú en hann var fyrir virkjun útfallsins árið 1959. Þetta gæti tengst því að meiri fæða er nú fyrir hvern urriða vegna fækkunar á urriða í vatninu. Urriði úr sleppingum árið 1993 var að jafnaði mun stærri en jafnaldra náttúrulegur urriði (mynd 2).



Mynd 2. Bakreiknuð lengd urriða eftir aldri og uppruna úr Öxará 1999 og urriða veiddum í Þingvallavatni árin 1948 til 1959.

Sumarið 2000 voru gerðar seiðaathugningar í Öxará, Villingavatnsá, Ölfusvatnsá og í útfalli Þingvallavatns. Tilgangur þeirra var annars vegar að kanna seiðaástand í ánum og hins vegar að athuga árangur hrognagröfts í útfallinu. Í Öxará fundust urriðaseiði á fyrsta ári í ágætum þéttleika. Þetta er í samræmi við góðan árangur úr klakveiði þar haustið áður. Rafveiðar í Ölfusvatnsá og Villingavatnsá gáfu lítið af seiðum og er það sambærilegt við það sem áður hefur fundist. Klakveiðar og seiðaástand benda til þess að urriðastofnar Grafningsánnu séu litlir. Við útfall Þingvallavatns fundust sumargömul örmerkt sleppiseiði sem sleppt var við útfallið fyrir um sumarið. Engin seiði fundust úr hrognagreftri sem bendir til að árangurinn hafi orðið lítill sem enginn enda virðist sem mól í botni hafi verið á nokkurri hreyfingu. Um haustið voru veiddir urriðar í klak í Öxará og þeir kreistir. Hluti hrognanna var grafinn í útallið en hluti fór í frekara eldi. Klakurriðar voru merktir og sleppt aftur. Mikilvægt er að veiðimenn taki eftir merkjum í veiði og komi upplýsingum um merкта fiska til Veiðimálastofnunar.

Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þingvallavatns.

Þjórsá.

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með verkefni sem miðar að því að kanna landnám lax ofan laxastiga í fossinum Búða. Teljari í stiganum staðfestir að lax gengur á svæðið. Teljarinn í Búða nam 34 laxa á göngu upp stigann á sl. sumri sem er litlu minna en árið áður. Náttúrlegt klak hefur fundist ofan stigans árin 1994, 1995, 1997, 1998, 1999 og 2000. Samkvæmt bráðabirgðaveiðiskýrslum var veiði slök í Þjórsá sumarið 2000. Skýringin liggur líklega í tiltölulega slökum náttúrlegum árgangi, almennt slökum heimtum úr sjó og minni seiðasleppingum ofan Búða en engin seiði fóru á svæðið árið 1997. Verkefni þetta er unnið fyrir Landsvirkjun í samvinnu við Veiðifélag Þjórsár.

Rangárnar.

Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust um 3.741 laxar í Rangánum á síðastliðnu sumri sem er allnokkuð meira en frá árinu áður, en þá voru um 2.536 laxar dregnir á land. Laxveiðin í Rangánum byggir nær eingöngu á sleppingum gönguseiða. Heimtur gönguseiða urðu um 0,7 % sem er heldur betri heimtur en árið áður. Meðalheimtur þau 10 ár sem hafbeitt hefur verið stunduð í Rangánum er 1,2 %. Aðstæður í Rangánum eru um margt ákjósanlegar til gönguseiðasleppinga.

Suðurlandsdeild stundar rannsóknir og veitir ráðgjöf fyrir veiðifélög og leigutaka á Rangárvæðinu. Deildin sá um uppsetningu fiskteljara í Árbæjarfossi og Ægissíðufossi í Ytri-Rangá ásamt eftirlit með þeim og úrvinnslu gagna. Á sl. ári var haldið áfram tilraunum sem miða að því að meta áhrif seiðastærðar, meðferðar og sleppitíma á heimtur. Gerðar eru tilraunir með mismunandi stærðir seiða og mismunandi vatnshita fyrir sleppingu. Til þessa hafa 35 til 40 gramma seiði sem ekki hafa fengið upphitun fyrir sleppingu gefið bestar heimtur. Verkefni þetta er til þriggja ára og er það styrkt af Fiskræktarsjóði. Haldið var áfram merkingum á náttúrlegum urriða og bleikju í Ytri-Rangá og Galtalæk. Af 95 sjóbirtingum sem hafa verið veiddir og merktir við Ægissíðufoss í Ytri-Rangá hafa 27,4 % heimst aftur. Flestir hafa veiðst aftur í Ytri-Rangá. Tveir hafa komið fram annars staðar á vatnasvæði Rangánna einn í Ölfusárósi og einn í Affalli í Landeyjum.

Rannsóknir á vatnasvæðum Skaftár og Kúðafljóts vegna virkjana.

Á árinu voru gerðar rannsóknir á vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts vegna hugsanlegra virkjanaframkvæmda. Meginmarkmið rannsóknanna var að fá heildarmynd af vatnasvæði Skaftár og Kúðafljóts ásamt lindarvötnum í Landbroti og Meðallandi. Einkum var litið til þess hvaða fisktegundir er þar að finna og hvernig lífsskilyrði eru þar fyrir fisk. Þá var miðað við það að gefa mynd af veiðinytjum og reyna að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum virkjanaframkvæmda á veiði og lífsskilyrði fyrir fisk. Á vettvangi voru könnuð svæði sem mögulegar virkjanaframkvæmdir á vatnasvæðum Skaftár og Kúðafljóts hefðu áhrif á og ekki hafa verið könnuð áður. Áhersla var lögð á að kanna botngerð. Tekin voru saman eldri rannsóknargögn er varða fisk á vatnasvæðunum. Þar var lögð áhersla á veiðitölur og seiðarannsóknir í ánum.

Svæðið sem hér um ræðir er víðfeitt og landið er í mikilli mótun. Jökulhlaup og eldgos hafa þar haft veruleg áhrif á vatnsföll. Á fiskgengum svæðum er sjóbirtingur

ríkjandi tegund en bleikja og lax eru einnig til staðar. Á vatnasvæði Skaftár eru aðal-
hrygningar- og


uppeldissvæði urriðaseiða fyrstu árin, í þverám og þverlækjum Skaftár. Uppeldi laxfiska virðist vera í litlum mæli í Skaftá sjálfri. Hrygning sjóbirtings er þó trúlega einhver í Skaftá milli Holtsár og Kirkjubæjarklausturs. Í rannsóknnum sumarið 2000 fannst lítið af fiski í þverám Skaftár ofan við Skaftárdal, en bleikja og einhver urriði virðist vera á því svæði.

Rannsóknir sl. sumar leiddu í ljós að hrygning og uppeldi urriða og lax er í nokkrum mæli í Kúðafljóti en það hefur ekki verið staðfest áður. Á vatnasvæði Hólmsár er ekki fiskur ofan Hólmsárfoss en staðbundnir bleikjustofnar eru í Hólmsá neðan hans. Athygli vakti að laxaseiði fundust í Ása-Eldvatni og í Skaftá. Líkur benda til að tilvist þeirra megi rekja til sleppinga á fullvöxnum laxi í Hellisá.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár.

Rannsóknir á sjóbirtingi héldu áfram í Grenlæk og á vatnasvæði Skaftár. Við þær eru m. a. notuð rafeindamerki, sem nema hita og dýpi á farleið fiskanna. Frá sumrinu 1996 hefur verið starfræktur fiskteljari í Grenlæk, framleiddur og þróaður af fyrirtækinu Vaki hf. Nokkru minni fiskgengd var í sumar um teljara miðað við fyrri ár en nokkrir erfíðleikar voru í rekstri teljarans vegna vatnavaxta í kjölfar tveggja Skaftárhlaupa sem komu með stuttu millibili í ágúst.

Stór þáttur í sjóbirtingsrannsóknunum eru merkingar með rafeindamerkjum (mælimerkjum) og með spaghettimerkjum en þær merkingar miða m.a. að því að meta ratvísi og veiðiálag vor og haust. Á síðasta vori voru merktir 102 sjóbirtingar í Grenlæk og 30 í Skaftá. Frá því verkefnið hófst árið 1995 hafa verið merktir meira en fjórtán hundruð sjóbirtingar. Af 1.142 sjóbirtingum merktum að vori í Grenlæk hafa 22,7 % veiðst aftur. Heimtur hafa verið breytilegar milli ára, oftast milli 20 og 25 %. Heimtur af merkingum á síðastliðnu vori voru óvenju lágar, eða 7,8 % (mynd 3). Um 31 % merktra sjóbirtinga hafa veiðst að vori og 69 % að hausti. Ratvísi sjóbirtinganna virðist góð, en um 90 % sjóbirtinga sem voru merktir í Grenlæk og gengið höfðu í sjó veiddust aftur á Grenlækjarsvæðinu.



Merkingarár

Mynd 3. Hlutfallslegar heimtur sjóbirtinga sem merktir hafa verið í Grenlæk skipt eftir heimtum í veiði að vori og hausti.

Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfellt frá árinu 1986. Seiðarannsóknir á vatnasvæðinu gáfu minni þéttleika á urriðaseiðum á fyrsta ári en árið áður, en þéttleiki eins árs og tveggja ára seiða jókst á milli ára. Langtímarannsóknir sem þessar gefa mikilvægan þekkingargrunn til að kann samspil umhverfispáttá og nýtingar á viðkomu stofnanna.

Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning og velvilja ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna. Fjárstuðningur hefur fengist frá Fiskræktarsjóði. Rannsóknarsjóður hefur stutt mælimerkjarannsóknirnar fjárhagslega og veitt fé til kaupa á teljara.

Önnur verkefni.

Suðurlandsdeild safnaði neta- og stangveiðiskýrslum á Suðurlandi. Laxveiðiskráning er víðast hvar nokkuð góð en skráningu á silungsafla má bæta, þótt allvíða sé hún góð. Mjög bagalegt er hins vegar hversu skýrslur berast seint og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma.

Ráðgjöf í fiskeldi var einkum varðandi framleiðslu seiða til fiskræktar. Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir vegna fyrirhugaðra framkvæmda, m.a. vegna efnistöku og vegaf framkvæmda.

Rita- og erindaskrá.

Skýrslur.

Magnús Jóhannsson, 2000. Mat á búsvæðum laxfiska á vatnasvæði Grenlækjar í Landbroti. Veiðimálastofnun, VMST-S/00001X: 22 bls.

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á Eldvatni í Meðallandi. Veiðimálastofnun, VMST-S/00002X: 24 bls.

Magnús Jóhannsson, 2000. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 1999. Veiðimálastofnun VMST-S/00003: 8 bls. (Einnig í ársrit Búnaðarsamband Suðurlands 1999).

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Varmár í Ölfusi árið 1999. Veiðimálastofnun, VMST-S/00004X: 14 bls.

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Skógár. Veiðimálastofnun, VMST-S/00005X: 9 bls.

Magnús Jóhannsson og Guðni Guðbergsson, 2000. Aldursrannsóknir á urriða úr Öxará. VMST-S/00006X: 8 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Úlfjótsvatn. Fiskrannsóknir árið 2000 VMST-S/00007: bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá og útfalli Þingvallavatns árið 2000. VMST-S/00008X: 17 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2000. VMST-S/00009: 23 bls.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2000. Rannsóknir á fiski og bitmýi í Sogi árið 2000. VMST-S/000010: 23 bls.

Annað:

Guðni Guðbergsson, Magnús Jóhannsson, Sigurður M. Einarsson, Sigurður Guðjónsson og Þórólfur Antonsson, 2000. Fiskeldi í kvíum. Veiðimaðurinn nr. 162, 55. árg: 68-70.

Erindi:

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár. Fundur Rótaryklúbbs Selfoss, Hótel Selfossi 9. maí.

Magnús Jóhannsson, 2000. Lífsskilyrði laxfiska og veiðihlunnindi á vatnasvæði Skaftár. Fundur um Skaftá, jökulhlaup og áveitur, Hótel Kirkjubæjarklaustri 14. október.

Magnús Jóhannsson, 2000. Fiskrækt markmið og leiðir. Fæðslufundur Samtaka veiðifélaga á Suðurlandi um fiskræktarmál á Suðurlandi, Hlíðarenda á Hvolsvelli, 7. nóvember.

Auk þessa var greint frá rannsóknum á viðkomandi félagssvæði í erindum á aðalfundum: Veiðifélags Landmannaafreittar, Veiðifélags Árnesinga, Veiðifélags Ytri-Rangár, Veiðifélags Varmár og Veiðifélags Grenlækjar.

